

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 5. janúar 2026

Mál nr. E-445/2024:

Guðjón Þórir Sigfússon,
Jón Þórðarson
og
Sigfús Kristinsson
(Sverrir Sigurjónsson lögmaður)
gegn
Náttúruhamfaratryggingu Íslands
(Hjalti Geir Erlendsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 10. desember 2025, er höfðað með stefnu, birtri 14. ágúst 2024.

Stefnendur eru Guðjón Þórir Sigfússon, [...], Jón Þórðarson, [...] og Sigfús Kristinsson, [...].

Stefndi er Náttúruhamfaratrygging Íslands, [...].

Dómköfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða stefnendum 69.600.000 kr. vegna altjóns á fasteigninni Sölvholti í Flóahreppi, fastanúmer 220-1056 merkt 040101 í kjölfar jarðskjálftans á Suðurlandi þann 29. maí 2008. Til vara er þess krafist að stefndu verði gert að greiða stefnendum 24.777.000 kr., auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 29. maí 2008 til greiðsludags. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda, þ.m.t virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda eru að verða sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Til vara krefst stefndi að dómköfur stefnenda verði lækkaðar verulega. Þá er þess krafist að stefnendum verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Við aðalmeðferð gáfu skýrslur vitnin A og B.

Við upphaf aðalmeðferðar gengu dómendur á vettvang ásamt lögmonnum og stefnanda Sigfúsi og [...], A.

Aðalmeðferð fór fram 23. apríl 2025 en dómur varð ekki kveðinn upp innan tímamarka 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Málið var tekið fyrir aftur 30. júní og

dómtekið að nýju. Var kveðinn upp dómur í málinu 4. júlí 2025. Dómi héraðsdóms var áfrýjað til Landsréttar. Með úrskurði Landsréttar 6. nóvember 2025 var dómur héraðsdóms ómerktur og var málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Munnlegur málflutningur var endurtekinn 10. desember 2025 og að honum loknum var málið dómtekið á ný.

Málavextir

Stefnendur máls þessa eru eigendur að fasteigninni að Sölvholti í Flóahreppi, sem og íbúðarhúss sem þar stendur og byggt var árið 1967.

Stefndi er stjórnvald sem starfar á grundvelli laga nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, áður Viðlagatryggingu Íslands og er hlutverk hans samkvæmt lögnum meðal annars að váttryggja gegn beinu tjóni af völdum jarðskjálfta.

Mál þetta á rætur sínar að rekja til jarðskjálfta sem riðu yfir Suðurland á árunum 2000 og 2008, sem óumdeilt er að ollu víða tjóni á fasteignum.

Forsaga máls þessa er nokkuð löng, en allt frá árinu 2001 hafa aðilar, þ.e. eigendur framangreindrar fasteignar annars vegar og stefndi eða forveri hans hins vegar átt í samskiptum vegna meints jarðskjálftatjóns á fasteign stefnenda. Árið 2001 gerði forveri stefnda tjónaskýrslu um jarðskjálftatjón á fasteign stefnenda eftir fyrri skjálftann og aftur árið 2008 eftir síðari skjálftann. Þá mun matsgerð hafa verið gerð af hálfu forvera stefnda vorið 2012 og A byggingarverkfræðingur, sem vert er að geta að er [...] stefnandans Sigfúsar og [...] stefnandans Guðjóns, gert úttektarskýrslu í maí 2012. Þá hafi Verkís unnið minnisblað fyrir forvera stefnda í júní sem og í október 2012 og framangreind A ritað greinargerð í september sama ár. Þá hafi í tvígang verið dómkvaddir matsmenn til að meta tjón á fasteigninni, annars vegar árið 2013 og hins vegar yfirmatsmenn árið 2018. Þá hafi jarðvegsrannsóknir verið unnar af Mannvit sem skilaði niðurstöðu í maí 2014.

Stefnendur munu um langa hríð hafa barist fyrir því að fá tjón á fasteigninni metið sem altjón af hálfu stefnda og forvera hans, en því ítrekað verið hafnað, bæði af forvera stefnda og úrskurðarnefnd Viðlagatryggingar Íslands, sem og úrskurðarnefnd Náttúruhamfaratryggingar Íslands. Þá hefur endurupptöku á niðurstöðum úrskurðarnefndar jafnframt verið hafnað. Loks var matsbeiðni stefnenda hafnað með úrskurði dómsins þann 17. apríl 2024, þar sem stefnendur freistuðu þess að fá dómkvadda

matsmenn til að meta orsakir skemmda á fasteign sinni sem fram hafi komið og enn væru óbættar, sem og hvort þær mætti rekja til jarðskjálftans árið 2008.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig að í kjölfar jarðskjálfta árið 2000 hafi orðið lítilsháttar skemmdir á íbúðarhúsi stefnenda sem þeir hafi að einhverju leyti fengið bættar frá forvera stefnda, Viðlagatryggingu Íslands. Þá segir í stefnu að jarðskjálftinn sem reið yfir árið 2008 hafi valdið all nokkru tjóni á fasteign stefnenda, sem þó hafi ekki komið strax í ljós. Hafi forveri stefnda gert skýrslu um tjónið og metið það á 1.410.000 kr., sem nota skyldi til lagfæringa á málun veggja, viðgerða á hlöðnum veggjum og innréttingum. Hafi stefnendur ekki sætt sig við þessa niðurstöðu, enda hafi húsið aflagast og missigið mikið við jarðskjálftann, en þess hvergi getið í skýrslunni. Kveðast stefnendur hafa haldið bótakröfu sinni til streitu og krafist fullra bóta, en kröfu þeirra hafi verið hafnað þann 13. desember 2012. Hafi stefnendur kært þá ákvörðun til stjórnar forvera stefnda, sem staðfest hafi ákvörðunina þann 30. maí 2013. Hafi stefnendur kært niðurstöðuna til úrskurðarnefndar þann 2. júlí 2013, sem óskað hafi eftir mati dómkvaddra matsmanna. Matsmenn hafi verið dómkvaddir þann 4. nóvember 2013. Kveðast stefnendur hafa kært niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna til úrskurðarnefndar Viðlagatryggingar Íslands, þar sem niðurstöðu þeirra hafi verið hafnað og jafnframt óskað eftir því að húsið „færi í altjón“. Úrskurðarnefnd Viðlagatryggingar Íslands hafi hafnað öllum kröfum stefnenda í niðurstöðu sinni þann 29. janúar 2016 á þeirri forsendu að þeir hafi talið niðurstöðu hinna dómskvöddu matsmanna í málinu ekki hafa vera hnekkt. Þann 5. október 2018 hafi verið dómkvaddir tveir yfirmatsmenn til að meta hvort skemmdir og skekkjur á fasteign stefnenda mætti rekja til jarðskjálftans árið 2008. Hafi megininntak beggja matsgerða verið sú að orsök þess að húsið seig og skemmdist væri léleg grundun þess. Hafi matsmenn í fyrra málinu komist að þeirri niðurstöðu að megnið af siginu mætti rekja til jarðskjálfta árið 2008, en vegna lélegrar grundunar hafi skemmdir á húsinu orðið mun meiri en ella. Yfirmatsmenn hafi aftur á móti talið að megnið af siginu mætti rekja til jarðskjálfta árið 2000, en jafnframt orsakast aðallega af lélegri grundun hússins. Kveðast stefnendur hafa óskað eftir endurupptöku á niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar. en úrskurðarnefnd Náttúruhamfaratryggingar hafnað öllum kröfum þeirra þann 27. september 2019. Stefnendur hafi kvartað yfir niðurstöðunni til umboðsmanns Alþingis, sem hafnað hafi öllum kæratriðum þann 25. maí 2020. Þann 23. apríl 2021 hafi stefnendur ritað greinargerð sem ber heitið „*Annmarkar á niðurstöðu yfirmatsnefndar þann 29. des. 2018*“ þar sem gerð sé grein fyrir annmörkum á matsgerð yfirmatsmanna.

Í kjölfar þess að úrskurðarnefnd náttúruhamfaratryggingar hafi hafnað fyrri ósk um endurupptöku vegna þess að niðurstaða yfirmats hafi aldrei verið lögð fyrir hana þá hafi stefnendur aftur óskað eftir endurupptöku. Beiðninni hafi verið hafnað þann 14. júní 2022 af hálfu úrskurðarnefndar. Stefnendur hafi kvartað yfir niðurstöðu hennar til umboðsmanns Alþings, en hann ekki gert athugasemdir við niðurstöðu nefndarinnar í niðurstöðu sinni þann 14. nóvember 2022.

Stefnendur kveða niðurstöður stefnda, og forvera hans, sem og framangreindra úrskurðarnefnda byggjast að öllu leyti á niðurstöðum hinna dómskvöddu matsmanna og yfirmatsmanna. Ekki virðist hvikað frá niðurstöðum þeirra og virðist engu máli skipta hvaða mótrökum stefnendur tefli fram. Kveða stefnendur að í ljósi þess að niðurstöður dómkvaddra matsmanna á jarðskjálftatjóninu á fasteign stefnenda eftir jarðskjálftann árið 2008 séu í grunninn rangar, þar sem rangar ályktanir hafi verið dregnar af staðreyndum málsins, verði niðurstöður stefnda, forvera hans og úrskurðarnefnda einnig rangar og stefnendur fái eignina ekki bættu eins og þeim beri samkvæmt lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands.

Í stefnu er lýst niðurstöðum jarðvegsrannsókna Mannvits, dags. 15. maí 2014, á grundun hússins, þar sem fram komi að um tveir metrar séu niður á burðarhæfan jarðveg fyrir norðan húsið og um þrjár metrar fyrir sunnan það. Segir í stefnu að samkvæmt tilraunaholu sem grafin hafi verið við sökkul suðurhliðar sé þar um eins metra dýpi niður á steiptan sökkulfót undirstöðu. Þá hafi yfirmatsmenn grafið tvær tilraunaholur með sökkli norðurhliðar og verið um tveggja metra dýpi niður á steinsteiptan sökkulfót í báðum tilvikum. Samkvæmt því kveða stefnendur norðurhlið hússins hvíla á burðarhæfum jarðvegi á meðan suðurhliðin geri það ekki, og þar sé um tveggja metra dýpi niður á burðarhæfan jarðveg. Aftur á móti hafi í báðum matsmálum verið dregnar þær ályktanir að allar undirstöður hússins hvíldu á óburðarhæfum jarðvegi og það væri meginorsök þess að húsið hafi skemmst svo mikið sem raun bar vitni. Kemur og fram í stefnu að þó að norðurhliðin hvíli samkvæmt framansögðu á burðarhæfum jarðvegi þá hafi hún sigið 10 cm meira en suðurhliðin, sem geri það ekki. Þrjár óháðar hæðarmælingar hafi verið gerðar af húsinu, sú fyrsta af A, önnur af matsmönnum Verkís og sú þriðja af hinum dómkvöddu yfirmatsmönnum. Öllum hæðarmælingum beri nokkuð vel saman en samkvæmt þeim sé það norðausturhluti hússins sem sigið hafi mest, en ekki steipti innveggurinn og sé það þvert á niðurstöður matsmanna í báðum matsmálum, er segi steipta innvegginn hafa sigið mest og eiga mestan þátt í sigi hússins.

Kveða stefnendur, miðað við framangreindar hæðarmælingar, sig innveggjar ekki hafa orsakað sigið í norðausturhluta hússins, líkt og niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna gefi til kynna, heldur hafi sig undir sökklum útveggjar í norðausturhluta hússins, sem sitji á um eins metra breiðum platta, orsakað sigið á innvegg. Kveða stefnendur að þó innveggurinn hefði verið grundaður á sökkli með platta, hefði það ekki komið í veg fyrir sigið í norðausturhluta hússins. Járnbent 15 cm þykk botnplata stífi ekki innvegg og aðlæga útveggi gagnvart þessu sigi í norðausturhluta hússins. Þá kveða stefnendur hið mikla sig í norðausturhluta hússins vekja upp spurningar um orsakir þess. Líkt og áður greinir hafi hinir dómkvöddu matsmenn, bæði undir- sem og yfirmatsmenn, talið lélega grundun hússins vera megin ástæðu þessa mikla sigs. Meðal gagna málsins er úttektarskýrsla dags. 20. maí 2012, rituð af A byggingarverkfræðingi, sem er líkt og áður greinir [...] stefnandans Sigfúsar og [...] stefnandans Guðjóns. Í stefnu er því lýst að í skýrslunni komi meðal annars fram mismunasig á gólfi og sökklum, lengd og stærð sprungna í veggjum og loftum sem og að skekkja sé á hurðum. Þar að auki komi fram í niðurstöðum hinna dómkvöddu yfirmatsmanna að brotnar frárennislagnir hafi orsakað meira sig á undirstöðum, án þess þó að taka afstöðu til þess hvenær lagnirnar hafi mögulega brotnað og fallið saman. Kveða stefnendur langtímasig ekki valda slíku, heldur þurfi höggbylgju til, t.d. af völdum jarðskjálfta. Vísa stefnendur hvað þetta varðar til þess að frárennislagnir Hveragerðisbæjar, sem séu samsettar úr steinsteyptum rörum, líkt og lagnirnar í Sölvholti, og liggi í svipaðri fjarlægð frá upptökum skjálftans, hafi víða brotnað mjög illa og lagst saman eftir jarðskjálftann árið 2008. Telji stefnendur því mjög líklegt að frárennislagnir hafi brotnað og fallið saman í höggbylgjum jarðskjálftans árið 2008. Líkt og áður kom fram kveða stefnendur algerlega skautað fram hjá því í niðurstöðum hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, hvenær lagnirnar hafi væntanlega brotnað og fallið saman og því sé endurnýjum þeirra væntanlega ekki inni í tjónamatinu á íbúðarhúsinu. Vísa stefnendur til þess að þar sem frárennislagnir liggi undir húsinu og þá að stórum hluta í norðausturhluta þess þurfi við endurnýjum þeirra að brjóta upp botnplötu hússins að stórum hluta og fjarlægja hana, hreinsa grunn, endurnýja lagnir, skipta um jarðefni í grunni, endursteypa plötu og endurnýja innréttingar. Kveða stefnendur ljóst að þessi aðgerð yrði mjög kostnaðarsöm og myndi sjálfsagt slaga upp í kostnað vegna altjóns.

Í stefnu er hafnað þeirri niðurstöðu dómkvaddra matsmanna, bæði undir- og yfirmatsmanna, að vatn sem komið hafi upp í tilraunaholum við sökkulveggi hafi verið

grunnvatn. Telji stefnendur þetta ranga ályktun, þar sem húsið standi hátt utan í hlíð mikils kletts og ætla megi að grunnvatn nái ekki upp í sökkulfótinn, sé horft til hæðalínukorts Landmælinga Íslands. Telja stefnendur að þrátt fyrir að hinir dómkvöddu yfirmatsmenn hafi rannsakað frárennislagnir og komist að því að þær væru mölbrotnar og fallnar saman, þannig að frárennlið renni beint út í grunn hússins virðist þeir ekki hafa áttað sig á að vatnið í prufuholunum væri líklega frárennislisvatn hússins. Telja stefnendur það ekki standast skoðun að húsið hafi verið byggt í „vatnsósa mold“. Þá gagnrýna stefnendur að niðurstöðu matsmanna, jafnt undir- og yfirmatsmanna, „rími ekki alltaf saman“ og hafi því til að mynda aldrei verið svarað hvort að svipuð tjónahús eins og íbúðarhúsið í Sölvholti hafi farið í altjón. Þá hafi matsmenn ekki heldur verið spurðir að því hvort fasteign stefnenda hafi verið mun betur byggð en mörg önnur hús á þessum tíma, eins og t.d. hvort að undirstöður hafi almennt verið steiptar á um eins metra breiðum steinsteiptum platta. Enn fremur hafi matsmenn ekki verið spurðir að því hver grunnvatnshæðin sé við íbúðarhúsið, en húsið standi líkt og áður segir hátt í hlíð hás kletts, þannig að grunnvatnshæðin við húsið sé væntanlega nokkuð lægri en sökklar þess. Þá hafi matsmenn aldrei verið spurðir að því hvers vegna norðaustur hluti hússins, sem standi á burðarhæfu efni, samkvæmt rannsóknarniðurstöðum matsmanna, og þar sem væntanlega sé grynnt niður á klöpp, skuli síga mest. Þá hafi matsmenn aldrei verið spurðir að því, hvers vegna eða hvenær frárennislagnirnar, sem liggi undir húsinu í norðausturhluta þess, hafi mölbrotnað og fallið saman og þá á svipaðan hátt og margar frárennislagnir Hveragerðisbæjar. Reynt hafi verið að fá dómkvadda matsmenn til þess að svara ofangreindum spurning um með beiðni um dómkvaðningu í máli nr. M-579/2023, en beiðni um dómkvaðningu hafi verið hafnað.

Í greinargerð sinni hafnar stefndi málavaxtalýsingu stefnenda að mestu leyti. Lýsir stefndi málavöxtum þannig að í kjölfar jarðskjálfta sem riðu yfir sumarið 2000, hafi farið fram mat á skemmdum á fasteign stefnenda þar sem fram hafi komið að sprunga hafi komið í stóran hluta veggja hússins. Hafi verið gert ráð fyrir tilteknum sprunguviðgerðum og málun og var bótafjárhæð metin 248.000 krónur. Hafi niðurstaða matsmanns verið samþykkt athugasemdalaust af stefnandanum Jóni, sem eiganda þriðjungs fasteignarinnar og váttryggingarbætur greiddar út í samræmi við það. Í kjölfar jarðskjálfta sem reið yfir sumarið 2008 hafi aftur verið tilkynnt um tjón á fasteign stefnenda. Hafi forveri stefnda látið gera tjónamat á húsinu þar sem niðurstaðan hafi orðið sú að engar nýjar skemmdir væru sjáanlegar úti, innveggir hafi verið sprungnir,

klósettlok brotið og ein hurð skökk. Kostnaðarmat hafi numið 1.507.600 krónum, og hafi eigendur fengið greiddar bætur að fjárhæð 1.348.000 krónur, þ.e. að teknu tilliti til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu og eigin áhættu. Í mars árið 2012 hafi stefnandinn Guðjón lagt fram tjónstilkynningu vegna ætlaðs viðbótartjóns á íbúðarhúsinu af völdum jarðskjálftans árið 2008 í formi aukinna sprungna og sigs sem hann hafi talið vera á húsinu. Þá hafi hann í apríl sama ár gert kröfu um að tjónamat frá 2001 yrði leiðrétt. Hafi stefndi í kjölfarið óskað eftir viðbótarskoðun á fasteigninni frá verkfræðistofunni Verkís. Hafi niðurstaða þeirrar skoðunar leitt í ljós að ekkert tjón væri á húsinu af völdum jarðskjálftans 2008, umfram það sem þegar hafði verið gert ráð fyrir í mati stefnda. Áður en framangreind niðurstaða lá fyrir hafi stefnandinn Guðjón sent stefnda skýrslu [...] sinnar, A og hafi því verið óskað eftir afstöðu matsmanna Verkís til sjónarmiða sem þar komu fram. Hafi matsmenn skilað minnisblaði í júní 2012, þar sem þeir lýstu þeirri skoðun sinni að í skýrslu A kæmu ekki fram nýjar upplýsingar, umfjöllun eða rökstuðningur sem gæfi tilefni til endurskoðunar eða breytingar á fyrrgreindri niðurstöðu. Hafi kröfu stefnenda um bætur fyrir viðbótartjón því verið hafnað, sem og kröfu um leiðréttingu tjónamats vegna jarðskjálftans árið 2000. Stefnandinn Guðjón hafi kært ákvörðun stefnda í samræmi við ákvæði þágildandi laga til stjórnar forvera stefnda, sem hafnaði öllum kröfum kæranda með úrskurði uppkveðnum 30. maí 2013. Þá niðurstöðu hafi stefnendur kært til úrskurðarnefndar og voru í framhaldinu dómkvaddir matsmenn til að meta tjón á fasteign stefnenda. Niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna hafi verið sú að ekki væri forsvaranlegt að bæta fasteignina að fullu samkvæmt brunabótamati, enda mætti að hluta rekja tjón til ófullnægjandi grundunar hússins. Töldu matsmenn óbætt tjón á fasteigninni þá nema samtals 632.911 krónur. Í úrskurði sínum hafi úrskurðarnefnd fellt úr gildi ákvörðun stjórnar forvera stefnda og lagt fyrir hann að greiða stefnendum bætur samkvæmt framangreindri niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna. Kröfum er vörðuðu tjón af völdum jarðskjálftans frá árinu 2000 hafi aftur á móti verið hafnað með vísan til fyrningar. Hafi forveri stefnda greitt stefnendum bætur að fjárhæð 983.143 krónur og álitid bóttauppgjóri gagnvart eigendum fasteignarinnar lokið. Snemma árs 2018 hafi stefnendur óskað eftir dómkvaðningu matsmanna til að framkvæma yfirmat á fasteign sinni. Hafi niðurstaða yfirmatsmanna verið sú að missig hússins yrði rakið til ófullnægjandi grundunar þess og að stefnendur hafi fengið ofgreiddar tjónabætur sem nemi samtals 721.678 krónur. Í júní árið 2019 hafi stefnendur óskað eftir endurupptöku á úrskurði nefndarinnar og byggt á því að bæta bæri tjónið á

fasteigninni sem altjón. Hafi stefnendur þó ekki lagt yfirmatsgerðina fram með endurupptökubeiðninni. Beiðni stefnenda hafi verið hafnað með úrskurði uppkveðnum 27. september 2019. Þá hafi stefnendur leitað til umboðsmanns Alþingis sem ekki hafi talið tilefni til að gera athugasemdir. Í júní 2021 hafi stefnendur aftur leitað eftir endurupptöku á málinu, en enn ekki lagt fram yfirmatsgerðina, sem þó hafi verið lögð fram af hálfu stefnda. Hafi beiðni stefnenda enn verið hafnað með úrskurði uppkveðnum 28. september 2021. Í apríl 2022 hafi stefnendur enn leitað endurupptöku málsins, sem enn var hafnað með úrskurði uppkveðnum 14. júní 2022. Stefnendur hafi þá á ný leitað til umboðsmanns Alþingis, sem aftur hafi ekki séð tilefni til þess að gera athugasemdir.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Í stefnu kemur fram að stefnufjárhæð byggji á brunabótamati hússins við útgáfu stefnu en varakrafa stefnenda byggji á endurstofnsverði fasteignarinnar, eins og það hafi verið metið árið 2008.

Dómkröfur sínar byggja stefnendur á því að afdráttarlaust liggi fyrir að vegna missigs og aflögunar sé húsið að Sölvholti í Flóahreppi ónýtt þannig að um altjón sé að ræða. Byggt er á því að ekkert hafi komið fram annað en að húsið hafi á sínum tíma verið byggt í samræmi við allar þær reglur um byggingar og varnir gegn jarðskjálftum sem í gildi voru á byggingartíma þess og að allar eðlilegar skoðanir og úttektir hafi farið fram. Húsið hafi þannig fengið viðurkenningu sem fullbúin bygging.

Ekkert liggi fyrir um það að húsið hafi aflagast eða sigið fyrir jarðskjálftann 2000 og í raun liggi ekkert fyrir um að sig þess og aflögun hafi átt sér stað fyrr en við jarðskjálftana 2008 sem hafi jú verið helmingi aflmeiri á þessum stað heldur en skjálftinn árið 2000.

Á því er byggt að í ljósi þess að jarðskjálftinn hafi verið náttúrufyribæri sem olli tjóni sem hlutverk stefnda sé að bæta þá sé ekki um annað að ræða en túlka allan vafa sem kunnir að vera fyrir hendi um orsakasambengið milli jarðskjálftanna 2008 og aflögunar hússins, stefnendum í hag. Þegar um er að ræða aflögun eða missig mannvirkja vegna öflugra jarðskjálfta sé almennt, eðli málsins samkvæmt, ævinlega hægt að halda því fram að aflögunin hafi átt sér stað fyrir skjálftann. Málatilbúnaður stefnda í þá veru sé með öllu ótækur eins og hér standi á þar sem ekki séu fyrir hendi nein gögn eða mælingar sem sýni fram á að aflögunin hafi átt sér stað fyrir skjálftana 2008.

Af öllu framantöldu sé ljóst að stefnendur hafi ekki fengið tjón sitt vegna skemmda á húsi sínu að Sölvholti bætt að fullu, þrátt fyrir að hafa bent á ýmsa annmarka við þau möt sem gerð hafa verið á fasteigninni.

Vísa stefnendur og til þess að í máli héraðsdóms Suðurlands nr. M-579/2023 hafi stefndu borið fyrir sig fyrningu, þ.e. að ekki skyldi dómkveðja matsmenn þar sem hugsanleg krafa stefnenda væri fyrnd. Af því tilefni vilja stefnendur koma því að, að samkvæmt 16. gr laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda sé fyrningu slitið þegar kröfuhafi leggur málið til ákvörðunar fyrir stjórnvald sem hefur sérstakt ákvörðunarvald til þess að ljúka deilu um ágreininginn. Þetta gildir þótt kæra megi ákvörðunina til annars stjórnvalds eða dómstóla. Ef málið er undirbúið af öðru stjórnvaldi er nægilegt að krafan sé lögð fyrir það stjórnvald. Tekið sé fram í 2. mgr. að ákvæði 1. mgr. gilda jafnframt um kröfur sem lagðar eru fyrir kær- og úrskurðarnefndir sem settar eru á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann á aðild að eða með þátttöku þeirra. Sama gildir ef kær- eða umkvörtunarnefndir hafa verið settar á fót á grundvelli fyrirmæla í lögum eða ef skuldari samþykkir að krafa sé lögð fyrir starfandi kær- eða umkvörtunarnefnd. Það sé þannig engum vafa undirorpið að stefndi hafi samþykkt að málið yrði borið undir úrskurðar- og kærufndir, enda hafi hann vísað til þeirra í greinargerð sinni í M-578/2023. Ef talið verði að fyrningarfresturinn hafi verið byrjaður að líða á þessum tíma hafi fyrningu verið slitið nokkrum sinnum frá árinu 2007, eða í öll skipti sem óskað hafi verið eftir álitum úrskurðarnefndar.

Af öllu framantöldu sé ljóst að stefnendur hafi ekki fengið tjón sitt vegna skemmda á fasteigninni að Sölvholti bætt að fullu, þrátt fyrir að hafa bent á ýmsa annmarka við þau möt sem gerð hafa verið á fasteigninni.

Stefnendur eigi því þann kost einan að höfða mál þetta, til þess að fá úr því skorið hvort þeir eigi rétt til altjóns vegna fasteignarinnar að Sölvholti.

Stefnendur vísa til laga nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, til almennu skaðabótareglunnar og laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og meginreglna váttryggingarréttar. Kröfu um málskostnað styðja stefnendur við 129. og 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda

Í fyrsta lagi gerir stefndi almennar athugasemdir við málalíbúnað stefnenda, sem hann kveður svo óljósan og vanreifðan að hann uppfylli tæplega skilyrði 80. gr. laga nr.

91/1991 um meðferð einkamála. Bendir stefndi í þessum efnunum á e-lið greinarinnar sem mæli svo fyrir að í stefnu skuli greina málsástæður stefnanda svo og önnur atvik þannig að samhengi málsástæðna sé ljóst. Í stefnu sé ekki greint á milli málsatvika og málsástæðna þannig að stefnda sé illmögulegt að átta sig á þeim málsástæðum sem stefnendur byggja málatilbúnað sinn á. Þá sé ekki vikið að bótagrundvelli kröfugerðar stefnenda eða öðrum skilyrðum bótaábyrgðar. Auk þess sé fjárhæð dómkrafna stefnenda órökstudd með öllu, eins og nánar greini að neðan. Í stefnu segi einungis að fjárhæð aðalkröfu sé byggð á brunabótamati hússins við útgáfu stefnu og að fjárhæð varakröfu sé byggð á endurstofnsverði fasteignarinnar eins og það var metið árið 2008. Engin gögn hafi hins vegar verið lögð fram af hálfu stefnenda sem renni stoðum undir þessar fjárhæðir eða hvers vegna leggi eigi þær til grundvallar. Þá sé jafnframt til þess að líta að í kröfugerð stefnenda er vísað til jarðskjálftans 29. maí 2008 en í umfjöllun í greinargerð sé þó einnig fjallað að nokkru um jarðskjálftana sem urðu í júní árið 2000. Miðað við framsetningu kröfugerðar megi þó ætla að málatilbúnaðurinn varði eingöngu jarðskjálftann árið 2008 og verði því að ganga út frá því að mati stefnda. Í stefnu sé heldur ekki að finna neina umfjöllun um aðild stefnenda eða ætlaðan rétt þeirra til bóta frá stefnda. Þá hafi ekki verið lögð fram nein gögn af hálfu stefnenda sem sýna fram á eignarhlutdeild þeirra í umræddu íbúðarhúsi eða hvernig eignarhaldinu var háttað þegar Suðurlandsskjálftinn reið yfir árið 2008. Að öllu virtu sé það mat stefnda að málatilbúnaður stefnenda sé svo óglöggur að mikið skorti á að uppfyllt séu skilyrði réttarfarslaga um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. d-, e- og f-lið 1. mgr. 80. gr. nefndra laga um meðferð einkamála. Þetta leiði til þess að stefnda sé ómögulegt að taka til varna með viðunandi hætti. Þá verði ekki séð hvernig unnt sé að taka kröfugerðina upp sem dómsorð, ef til þess kæmi. Stefndi kjósi þó að hafa ekki uppi sérstaka frávísunarkröfu en leggi í hendur dómsins að skera úr um frávísun málsins *ex officio*. Þá bendir stefndi á að skilja verði kröfugerð stefnenda á þann veg að ekki sé krafist vaxta af aðalkröfu.

Í öðru lagi mótmælir stefndi öllum kröfum og málsástæðum stefnenda og krefst sýknu. Krafa stefnda um sýknu sé í *fyrsta lagi* reist á því að með þegar greiddum bótum sé tjón stefnenda að fullu bætt og að stefnendur eigi ekki lögvarinn rétt til frekari bóta frá stefnda. Þá hafi stefnendum, sem beri alfarið sönnunarbyrði um orsök og umfang tjóns síns, ekki tekist að sanna að þeir hafi orðið fyrir frekara beinu tjóni af völdum jarðskjálftans 29. maí 2008 en þegar hafi verið bætt af hálfu stefnda. Í *öðru lagi* byggji

stefndi á því að beita beri heimild 2. tölul. 16. gr. laga nr. 55/1992, um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, til að synja bótakröfu stefnenda á þeim grundvelli að gerð og viðhald fasteignarinnar hafi verið óforsvaranlegt og andstætt fyrirmælum í settum rétti og ljóst sé að tjónið hafi hlotist af eða orðið víðtækara af þeim sökum. Í þriðja lagi sé byggt á því að meintar bótakröfur stefnenda séu fyrndar.

Líkt og áður greinir byggir stefndi á því að stefnendur hafi ekki fært sönnur á að þau eigi rétt á frekari bótum frá stefnda. Stefndi sé sérstök stofnun á vegum ríkisins og starfi samkvæmt lögum nr. 55/1992, um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Hlutverk stefnda sé að váttryggja gegn *beinu tjóni* af völdum þeirra náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laganna, en þar á meðal eru jarðskjálftar, sbr. nánari skilgreiningu í 2. gr. reglugerðar nr. 770/2023, um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Um sé að ræða skyldubundna eignatryggingu en um hana gildi einnig, að nokkru marki, almennar reglur váttryggingarréttar. Efni náttúruhamfaratryggingar ráðist af fyrirmælum laga og reglugerðar fremur en váttryggingarskilmálum, enda sé hér einkum um að ræða váttryggingu vegna atburða sem undanskildir séu í tryggingum á almennum váttryggingamarkaði. Þar sem ákvæðum laga nr. 55/1992 sleppi gildi um náttúruhamfaratryggingu ákvæði laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, sbr. 25. gr. laga nr. 55/1992. Vegna tilvísunar í stefnu til almennu skaðabótareglunnar þá vilji stefndi sérstaklega áréttta að réttur til bóta úr náttúruhamfaratryggingu ráðist ekki af reglum skaðabótaréttar. Til að bótaskylda vegna váttryggðra eigna stofnist þurfi annars vegar að liggja fyrir að um hafi verið að ræða einhvern þann atburð sem skilgreindur er sem náttúruhamfarir samkvæmt lögum og reglugerð um náttúruhamfaratryggingu og hins vegar að sá atburður hafi valdið þeim skemmdum á eignunum sem bóta er krafist fyrir, þ.e. að orsakatengsl séu á milli náttúruhamfaranna og skemmdanna. Óumdeilt sé í málinu að húseign stefnenda hafi notið váttryggingarverndar stefnda, enda sé hún lögboðin. Þá sé einnig óumdeilt að jarðskjálftinn 29. maí 2008 teljist vera náttúruhamfarir sem stefndi váttryggir gegn. Aftur á móti snúi ágreiningur aðila að því hvort og að hvaða marki bótaskyلت tjón hafi orðið á umræddri húseign í Suðurlandsskjálftanum 29. maí 2008 umfram það sem stefndi hefur nú þegar bætt. Stefndi telji að hið ætlaða tjón og umfang þess sé ósannað og ekkert renni stoðum undir að stefnendur eigi rétt á frekari bótum frá stefnda, hvað þá vegna altjóns. Af hálfu stefnda er hafnað þeirri staðhæfingu stefnenda að þeir hafi ekki fengið tjón sitt vegna skemmda á húseigninni að Sölvholti bætt að fullu. Byggir stefndi á því að stefnendur hafi ekki

sannað að þeir hafi orðið fyrir frekara beinu tjóni af völdum jarðskjálftans 29. maí 2008 en þegar hefur verið bætt af hálfu stefnda. Öllum málsrökum stefnenda, sem ætlað sé að sýna fram á annað, sé þar með hafnað. Fyrir liggi að stefndi hafi þegar greitt stefnendum bætur á grundvelli undirmatsgerðar sem námu hærri fjárhæð en metinn kostnaður í yfirmatsgerð, sbr. bótauppgjör 29. febrúar 2016. Allt beint tjón á húsinu, sem kann að hafa orsakast af jarðskjálftanum, hafi því þegar verið bætt af hálfu stefnda. Þá hafi stefnendur ekki sýnt fram á það með gildum rökum að þeir eigi rétt á frekari bótum úr hendi stefnda eða að ætlað tjón eða skemmdir af völdum jarðskjálftans hafi verið meira en ákvarðanir stefnda gera ráð fyrir og niðurstöður matsgerða gefa til kynna. Þannig sé ekki tilefni til að fallast á sjónarmið stefnenda um að hús þeirra hafi orðið fyrir altjóni af völdum jarðskjálftans 29. maí 2008. Þá vísar stefndi til 1. tölul. 9. gr. laga nr. 55/1992, en af ákvæðinu leiði að húseignir, sem skylt er að váttryggja, séu náttúruhamfaratryggðar fyrir sömu fjárhæð og brunatryggingin nemur á hverjum tíma. Fjárhæð brunatryggingar sé byggð á brunabótamati til þess að eigandi fái bætur sem nema kostnaði við að endurbyggja eða gera við húseignina þannig að hún verði sambærileg við það sem hún var fyrir tjón. Um *váttryggingarfjárhæðir* sé nánar fjallað í reglugerð nr. 770/2023. Af 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar leiði að váttryggingarfjárhæð húseignar sé hámark þeirrar ábyrgðar sem miða skuli við þegar bætur eru ákveðnar en sú fjárhæð veiti þó ekki sönnun fyrir verðmæti eignar. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar sé *váttryggingarverðmæti* raunverulegt virði eignar *þegar váttryggingaratburður varð*. Jafnframt segir í ákvæðinu að við mat á váttryggingarverðmæti skuli tekið tillit til verðryrnunar vegna aldurs, notkunar, minnkaðs notagildis, hvernig viðhaldi hafi verið háttað og annarra atvika. Sambærilegar reglur leiði einnig af ákvæðum eldri reglugerðar nr. 83/1993, um Viðlagatryggingu Íslands, sem hafi verið í gildi á tjónsdegi, sbr. t.d. 1. mgr. 12. gr. þar sem segi að váttryggingarfjárhæð veiti ekki sönnun fyrir verðmæti váttryggðra muna. Í 2. tölul. 12. gr. reglugerðarinnar nr. 83/1993 hafi sagt að ákveða skyldi verðmæti váttryggðra eigna með hliðsjón af því hvert hafi verið raunverulegt verðmæti þeirra á verðlagi, þegar váttryggingaratburður varð. Skuli þá tekið tillit til verðryrnunar vegna aldurs, notkunar, minnkaðs notagildis eða annarra ástæðna. Stefndi bendir í þessum efnun einnig á þá meginreglu váttryggingarréttar um að fullar bætur miðist við verðmæti eignar á tjónsdegi. Er af hálfu stefnda hafnað þeim málalátbúnaði stefnenda að byggja stefnufjárhæð málsins á *brunabótamati* hússins við útgáfu stefnu, þ.e. 13. ágúst 2024. Varakrafan sé byggð á *endurstofnverði* fasteignarinnar, eins og það

hafi verið metið árið 2008. Ekki sé tilgreint nánar í stefnu á hvaða grundvelli bótakrafan er reist, svo sem hvers vegna miðað er við brunabótamat eignarinnar og þaðan af síður hvers vegna aðalkrafan tekur mið af útgáfudegi stefnu. Hvergi sé í stefnu að finna umfjöllun um verðmæti húseignar stefnenda, hvort heldur sem miðað er við tjónsdag eða útgáfudag stefnu. Ekki sé heldur að finna nánari rökstuðning fyrir því hvað stefnendur eigi við með endurstofnverði fasteignarinnar og hvaðan þau sækja þá fjárhæð sem nefnd er í varakröfu. Þá hafi stefnendur ekki lagt fram nein frekari gögn til stuðnings þessum fjárhæðum sem tilgreindar eru í kröfugerð. Stefndi telji þessa framsetningu ekki uppfylla skilyrði laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, um skýra og ljósa kröfugerð og glögga framsetningu málsástæðna, sem varðar geti frávísun málsins *ex officio*. Þá beri stefnendur vitaskuld hallan af þeim sönnunarskorti sem hér blasi við. Stefnendur hafi ekki fært fram neinar sönnur á váttryggingarverðmæti hússins á tjónsdegi og bótagrundvöllur sé þar með ósannaður og órökstuddur. Aftur á móti beri fyrirbyggjandi matsgerðir með sér að íbúðarhúsið að Sölvholti hafi verið í mjög lélegu ástandi á tjóndegi sem stafi einkum af óforsvaranlegri grundun hússins og þess að lykilburðarveggur hússins sé grundaður á botnplötu hússins án sökkuls. Auk þess hafi húsið við tjónsatburð lifað liðlega 80% af „líftíma“ sínum án teljandi viðhalds, líkt og fram komi í umfjöllun í undirmatsgerð. Þá mótmælir stefndi sem rangri og ósannaðri þeirri staðhæfingu stefnenda að allan vafa sem kunni að vera fyrir hendi um orsakasamhengi milli jarðskjálftanna 2008 og aflögunar hússins beri að túlka stefnendum í hag. Ályktun stefnenda eigi sér ekki stoð í lögum, lögskýringargögnum, dómaframkvæmd eða fræðiskrifum og gangi í berhögg meginreglu váttryggingarréttar um sönnunarbyrði tjónþola. Stefndi byggir á því að sömu sjónarmið gildi um sönnun í máli þessu og almennt gildi í váttryggingarrétti, sem feli í sér sönnunarbyrði tjónþola. Engu breyti í þessum efnum að stefnda beri að fara að reglum stjórnsluréttar, enda hafi verið talið að stefndi fullnægi rannsóknarskyldu sinni með því að afla matsgerða frá óháðum aðilum og jafnvel fleiri en einnar matsgerðar, ef svo ber undir. Byggir stefndi á því að hann hafi uppfyllt allar lögboðnar skyldur og þar með hvíli sönnunarbyrðin um það tjón sem fjallað er um í stefnu alfarið á stefnendum sjálfum. Þá sé ekkert haldbært fram komið í málinu um að matsmenn hafi ekki gætt réttra aðferða við framkvæmd matanna eða að matsgerðirnar séu reistar á röngum forsendum. Stefndi mótmæli öllum fullyrðingum stefnenda þess efnis sem röngum og ósönnuðum. Niðurstöðum matsmanna hafi ekki verið hnekk. Einhliða aflaðar skýrslur eða greinargerðir stefnenda breyti engu þar um. Í þessu sambandi telji stefndi vert að benda

á að öll þau atriði sem tekin voru til skoðunar í skýrslu A hafi verið sérstaklega metin af hinum dómkvöddu matsmönnum. Þá bendir stefndi á að stefnendur hafi ekki lagt fram nein gögn um hönnun og byggingu fasteignarinnar eða framkvæmdar úttektir til stuðnings þeirri staðhæfingu sinni um að ekkert hafi komið fram annað en að húsið hafi verið byggt í samræmi við gildandi reglur og að allar eðlilegar skoðanir og úttektir hafi farið fram. Standi það stefnendum nær að afla slíkra gagna, en hluti stefnenda hafi verið eigendur fasteignarinnar á byggingartíma hennar og einn þeirra skráður byggingarstjóri hennar. Þá er og bent á að eigandi mannvirkis eða eftir atvikum hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistarar beri, samkvæmt mannvirkjalögum og byggingarreglugerð, ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við lög og reglur. Stefndi telji fyrirbyggjandi matsgerðir staðfesta með óbyggjandi hætti að mismunasig íbúðarhúsnæðisins verði rakið til óforsvaranlegrar grundunar hússins við byggingu þess en ekki til jarðskjálftans 29. maí 2008. Í ljósi þess að stærstur hluti mismunasigs hússins hafi þegar verið kominn fram þegar jarðskjálftinn átti sér stað geti jarðskjálftinn ekki talist nauðsynlegt skilyrði tjónsins og þar með sé skilyrðið um orsakasamband ekki uppfyllt. Þannig bendi ekkert til þess að altjón hafi orðið á húseign stefnenda vegna beins tjóns af völdum náttúruhamfara sem stefndi váttryggir gegn. Stefnendur, sem beri sönnunarbyrði um orsök og umfang tjóns síns, hafi ekki sýnt fram á hið gagnstæða. Þá mótmæli stefndi öllum öðrum málsástæðum og sjónarmiðum í stefnu, þar með talið skemmdum á lögnum og öðrum hlutum eignarinnar, sem stefnendur telji að bendi til altjóns á húsinu sem stefndi beri bótaábyrgð á. Hvað varðar tjón á frárennislögnum eignarinnar telji stefndi vert að benda á að samanburður við fráveitukerfi Hveragerðisbæjar sé ómarktækur með öllu. Þá mótmæli stefndi því sem röngu og ósönnuðu að vatn sem kom upp í prufuholum matsmanna hafi verið frárennislisvatn hússins. Fullyrðing þessi gangi þvert á niðurstöðu yfirmatsmanna og standist ekki skoðun í ljósi þess að vatnsnotkun íbúa hússins, þ.e. einnar manneskju, gæti aldrei orðið svo mikil að frárennislisvatnið myndi fylla prufuholur matsmanna. Ef svo væri þá væri það í sjálfu sér sönnun fyrir því að undir húsinu sé vatnsdræg mold. Þá mótmælir stefndi sönnunargildi greinargerðar A, [...] stefnandans Sigfúsar og [...] stefnandans Guðjóns, dags. 1. september 2012, og greinargerðar stefnenda, dags. 23. apríl 2021. Greinargerðir þessar hafi verið unnar af aðilum sem hafi fjárhagslegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins. Greinargerðir sem ritaðar eru af aðilum máls og tengdum aðilum geti ekki hnekkt sönnunargildi matsgerða dómkvaddra óháðra undir- og yfirmatsmanna. Þannig telji stefndi engum vafa undirorpið að

stefnendur hafi ekki fært sönnur á frekara tjón á fasteigninni af völdum jarðskjálftans þann 29. maí 2008 en þegar hafi verið bætt. Stefndi hafni einnig varakröfu stefnenda með sömu rökum. Hafa verði í huga að bætur sem nemi endurstofnverði fasteignar séu aldrei greiddar tjónþola nema þegar altjón hafi orðið af völdum náttúruhamfara sem stefndi váttryggi gegn. Með endurstofnverði sé vísað til endurbyggingarkostnaðar sambærilegrar húseignar, sem miðast við sams konar byggingarefni og þær byggingaraðferðir sem tíðkist nú. Engar forsendur séu fyrir því að dæma stefnendum bætur úr hendi stefnda sem nemur endurstofnverði hússins, enda hafi altjón af völdum jarðskjálftans ekki verið sannað.

Í öðru lagi er af hálfu stefnda á því byggt að hafna beri bótakröfu stefnenda á grundvelli 2. tölul. 16. gr. laga nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, sem kveði á um heimild til að synja alveg bótakröfu þegar gerð eða viðhald húss sé óforsvaranlegt eða andstætt fyrirmælum í settum rétti og ljóst sé að tjón hafi hlotist af eða orðið víðtækara af þeim sökum. Byggi stefndi á því að grundun íbúðarhúsnæðisins að Sölvholti hafi verið óforsvaranleg og að tjón hafi hlotist af eða a.m.k. orðið víðtækara af þeim sökum. Eins og áður er rakið hafi undir- og yfirmatsmenn komist að þeirri niðurstöðu að grundun hússins sé óforsvaranleg með öllu og að hin óforsvaranlega grundun sé orsök missigs hússins. Þá hafi matsmenn jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að húsið hafi byrjað að síga áður en jarðskjálftinn átti sér stað. Stefndi telji því sannað með óyggjandi hætti að grundun hússins sé óforsvaranleg og að tjón hafi hlotist af af þeim sökum. Framangreindu til stuðnings vísi stefndi til fyrirmyndar að byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur frá 1948, sbr. auglýsingu nr. 97/1948. Þar sem kveðið hafi verið á um að undirstöður útveggja og burðarveggja innan húss skuli grafa niður á fastan jarðveg og ekki grynri en 1-1,5 metra í jörð niður þar sem föst klöpp er ekki ofar. Jafnframt hafi þar sagt að allir burðarveggir skyldu hvíla á undirstöðum. Árið 1967 hafi verið gefin út ný fyrirmynd að byggingarsamþykkt, sbr. auglýsingu nr. 23/1967, sem hafi innihaldið sambærileg ákvæði hvað þetta varðar. Þrátt fyrir að þessi ákvæði hafi ekki verið tekin upp í byggingarsamþykkt fyrir Árnassýslu nr. 103/1955, sem hafi verið í gildi á byggingartíma húsnæðisins, telji stefndi að ákvæðin endurspegli forsvaranlega grundun á byggingartíma hússins. Enn fremur bendi stefndi á að íbúðarhúsnæðið sé staðsett á þekktu jarðskjálftasvæði þar sem stórir jarðskjálftar séu tíðir. Áður en húsið var byggt hafi margir jarðskjálftar ridið yfir svæðið og verði því að teljast enn mikilvægara að húsið

hvíli á traustum grunni. Vísi stefndi til niðurstaðna yfirmatsmanna í þessu samhengi. Með vísan til afdráttarlausrar niðurstöðu undir- og yfirmatsmanna og með hliðsjón af framangreindum ákvæðum fyrirmynda að byggingarsamþykktum á byggingartíma hússins telji stefndi fullljóst að grundun hússins sé óforsvaranleg. Stefndi telji jafnframt sannað að hin óforsvaranlega grundun hafi verið orsök tjónsins á íbúðarhúsnæði stefnenda, eða hafi a.m.k. leitt til þess að tjónið af völdum jarðskjálftans 29. maí 2008 hafi orðið mun víðtækara en ella.

Í þriðja lagi byggir stefndi sýknukröfu sínar á að kröfur stefnenda hafi verið fyrndar þegar mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 14. ágúst 2024. Vísist í því samhengi til ákvæðis 52. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, sbr. 146. gr. sömu laga og 25. gr. laga nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Þar sé kveðið á um að *krafa um bætur fyrnist á fjórum árum* og að fresturinn hefjist við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð. Stefnendur hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem séu grundvöllur kröfu þeirra árið 2008. Fyrningarfrestur bótakröfu þeirra vegna jarðskjálftans þann 29. maí 2008 hafi því byrjað að líða við lok árs 2008 og hafi þar af leiðandi fyrnst við lok ársins 2012. Að öðrum kosti byrjaði fyrningarfrestur að líða þegar tjónstilkynning barst vegna viðbótartjóns á árinu 2012 og þar með hafi allar kröfur fyrnst í lok árs 2016. Stefndi hafni því að fyrningarfrestur hafi verið rofinn. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda sé fyrningu slitið þegar kröfuhafi leggi mál til ákvörðunar fyrir stjórnvald eða úrskurðarnefnd. Fjallað sé um réttaráhrif þess í 21. og 22. gr. laganna. Þar komi m.a. fram að meðferð kröfu fyrir stjórnvaldi og úrskurðarnefnd hafi þau réttaráhrif skv. 21. gr. að *ef krafa er tekin til greina* við slíka meðferð hefjist nýr tíu ára fyrningarfrestur *frá þeim degi sem krafan var tekin til greina*. Þá komi fram í 22. gr. að ef úrlausnaraðili vísi máli frá eða felli það niður geti kröfuhafi höfðað nýtt mál eða borið málið aftur undir sama úrlausnaraðila þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, enda sé það gert innan sex mánaða. Ekkert komi hins vegar fram um að nýr fyrningarfrestur byrji að líða ef kröfum málsaðila er hafnað. Hafi fræðimenn túlkað lögina á þá leið að meðferð fyrir stjórnvaldi eða úrskurðarnefnd hafi ekki áhrif á fyrningu í þeim tilvikum sem kröfuhafi tapar málinu fyrir stjórnvaldi eða úrskurðarnefnd. Jafnvel þótt litið yrði svo á að fyrningu hafi verið slitið þegar stefnendur lögðu málið til ákvörðunar fyrir Viðlagatryggingu Íslands,

stjórnar Viðlagatryggingar Íslands og úrskurðarnefndir, þá byggi stefndi á því að nýr tíu ára fyrningarfrestur hafi ekki byrjað að líða sökum þess að kröfum stefnenda hafi í öllum tilvikum verið hafnað. Jafnvel þótt litið yrði svo á að við uppkvaðningu úrskurðar úrskurðarnefndar 29. janúar 2016 í máli nr. 7/2013 hafi nýr tíu ára fyrningarfrestur byrjað að líða, þá varði hann eingöngu kröfu stefnenda um greiðslu þeirrar upphæðar sem þar var ákvörðuð stefnendum í hag, þ.e. 983.143 krónur í samræmi við niðurstöðu matsgerðar, sem greidd hafi verið stefnendum þann 29. febrúar 2016 og geti því ekki komið til álita í dómsmáli þessu. Engu breyti í þessum efnunum að stjórn stefnda hafi tekið mál stefnenda til meðferðar í kjölfar kæru 6. febrúar 2013, enda feli samþykki um að skoða að nýju mál tengt fyrndri kröfu ekki í sér viðurkenningu hennar í skilningi 14. gr. fyrningarlaga. Þar að auki geti viðurkenning skuldara ekki haft réttaráhrif nema hún komi fram fyrir lok fyrningarfrests. Telur stefndi því ljóst að kröfur stefnenda um frekari greiðslur vegna jarðskjálftans árið 2008 hafi verið fyrndar þegar mál þetta var höfðað. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnenda í málinu.

Til vara krefst stefndi þess að bótakröfur stefnenda verði lækkaðar verulega. Til stuðnings varakröfu vísar stefndi til sömu málsástæðna og varðandi aðalkröfu, eftir því sem við á. Enginn fótur sé fyrir því að stefnendur eigi rétt á bótum sem nema brunabótamati eignarinnar á útgáfudegi stefnu né heldur endurstofnverði eignarinnar, eins og það var metið árið 2008, enda sé ekki um altjón að ræða af völdum jarðskjálftans. Þar að auki beri að draga frá dómkröfu stefnenda þær greiðslur sem stefndi hafi þegar innt af hendi til stefnenda vegna tjóns á þessari sömu húseign af völdum jarðskjálftans 29. maí 2008, þ.e. 898.666 krónur þann 9. nóvember 2011, 449.334 krónur þann 8. mars 2012, 325.568 krónur þann 28. janúar 2016 og 658.575 krónur þann 29. febrúar 2016. Þá ítreki stefndi að stefnendur beri sönnunarbyrðina fyrir þeirri fjárhæð sem dómkrafa þeirra lýtur að. Bendir stefndi í þessu samhengi á að dómkvaddir yfirmatsmenn hafi talið að stefnendur hefðu fengið ofgreiddar bætur frá stefnda. Stefndi hafi þó aldrei sótt slíka ofgreiðslu til stefnenda. Þessu til viðbótar verði að horfa til þess að í 10. gr. laga nr. 55/1992, sbr. breytingalög nr. 46/2018, segi að eigin áhætta vátryggðs sé 2% af hverju tjóni, þó eigi lægri en 400.000 krónur vegna húseigna sem vátryggðar eru samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna. Þegar Suðurlandsskjálftinn reið yfir 29. maí 2008 hafi eigin áhætta tjónþola aftur á móti verið 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en 85.000 krónur vegna húseigna. Þrátt fyrir þetta taki dómkröfur stefnenda í engu mið af umræddri eigin áhættu. Stefndi telji óhjákvæmilegt að dómkröfur verði lækkaðar með hliðsjón af

lögbundinni eigin áhættu váttrygðs. Stefndi mótmæli einnig tilvísun til 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sem finna megi í varakröfu stefnenda. Um vexti á tjónabætur frá stefnda gildi ákvæði 50. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, sbr. 25. gr. laga nr. 55/1992, um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Í 1. mgr. 50. gr. laga nr. 30/2004 segi að váttryggður eigi rétt á almennum vöxtum af kröfu sinni þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um váttryggingaratburð var send féluginu. Þrátt fyrir þetta miði stefnendur vaxtakröfu sína við ætlaðan tjónsdag 29. maí 2008 en hvergi sé tiltekið hvenær tilkynning hafi verið send til stefnda né heldur hvenær tveir mánuðir hafi verið liðnir frá þeirri tilkynningu, eins og rétt hefði verið að gera. Þegar af þessari ástæðu beri að hafna vaxtakröfu stefnenda.

Um lagarök vísar stefndi til laga um Náttúruhamfaratryggingu Íslands nr. 55/1992, reglna sem á þeim byggjast, þ.m.t. reglugerð nr. 770/2023 og eldri reglugerð nr. 83/1993, um Viðlagatryggingu Íslands, laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 og meginreglna váttryggingaréttar. Einnig er vísað til laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Þá er málskostnaðarkrafa stefnda byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstöður

Ágreiningur aðila máls þessa snýr að skemmdum og tjóni á húsi stefnenda að Sölvholti í Flóahreppi. Stefnendur byggja á því að af hálfu stefnda sé ekki fullbætt tjón sem stefnendur kveða að húsið hafi orðið fyrir í jarðskjálfta í maí 2008, en sem stefnda beri að bæta frekar en þegar hafi verið gert. Er gerð grein fyrir málsástæðum stefnenda hér að ofan. Gera stefnendur kröfu um að stefndi greiði stefnendum bætur vegna þessa, samanber það sem áður segir um dómkröfur stefnenda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að stefnendur hafi ekki fært sönnur á að þeir eigi rétt á frekari bótum úr hendi stefnda, en einnig byggir stefndi á því að hafna beri bótakröfu stefnenda á grundvelli 2. tölul. 16. gr. laga nr. 55/1992. Byggir stefndi einnig á því að ef stefnendur hafi átt einhverja kröfu á stefnda þá sé hún fallin niður fyrir fyrningu. Varakrafa stefnda lýtur að því að krafa stefnenda verði lækkuð verulega.

Í stefnu er blandað saman lýsingu stefnenda á málavöxtum og málsástæðum á mjög óskilríkan hátt. Er reifun stefnenda á málsástæðum svo óskýr að til álita kemur að málið sæti frávísun án kröfu. Í ljósi allra atvika málsins og þar sem stefndi hefur ekki

krafist frávísunar þykir þó ekki vera alveg næg ástæða til að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Í málinu liggur fyrir matsgerð dómkvaddra matsmanna, dagsett 16. maí 2014. Matsmenn voru Björn Ingi Sveinsson jarðskjálftafræðingur og Eyþór Rafn Þorvaldsson byggingarverkfræðingur. Matsbeiðandi var forveri stefnda, Viðlagatrygging Íslands.

Í niðurstöðum matsgerðarinnar segir að ekki sé forsvaranlegt að bæta umrætt hús samkvæmt brunabótamati, þ.e. váttryggingarfjárhæð. Mat matsmanna sé að húsið eitt og sér, án jarðarhlunninda, hafi verið lítils virði við tjónsatburð. Hægt sé að koma húsinu í ástand sem sé sambærilegt við það sem verið hafi í maí 2008. Heildarkostnaður við þær framkvæmdir sé 3.154.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, en 2.513.147 krónur án skattsins. Að teknu tilliti til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á verkstað muni útlagður kostnaður nema 2.746.000 krónum. Áður greiddar bætur vegna tjónsins nemi 1.433.000 krónum á verðlagi í júlí 2008, en á verðlagi í maí 2014 reiknist þær vera 1.975.789 krónur. Eigin áhætta nemi 5% sem jafngildi 137.300 krónum. Að teknu tilliti til þessa teljist óbætt tjón vera 632.911 krónur. Er óumdeilt að þetta hefur verið gert upp.

Í málinu hefur líka verið lögð fram yfirmatsgerð sem stefnendur öfluðu og er yfirmatsgerðin dagsett 29. desember 2018. Dómkvaddir yfirmatsmenn voru Eysteinn Einarsson jarðskjálftafræðingur, Snæbjörn Kristjánsson verkfræðingur og Gunnar Fannberg Gunnarsson byggingafræðingur og löggiltur hönnuður.

Í niðurstöðu yfirmatsgerðar kemur fram að óháð því hvaða regluverk gildi við byggingu hússins þá sé ljóst að grundun þess í Sölvholti uppfylli ekki það regluverk. Húsið sé grundað á mold og að hluta á vatnssósa mold, en það geti ekki talist forsvaranlegt eða réttlætanlegt á neinn hátt. Að grunda lykilburðarvegg í húsinu á botnplötu hússins, sem grunduð sé á mold, og setja ekki sökkul undir vegginn, geti ekki talist forsvaranlegt né réttlætanlegt á neinn hátt. Ekki finnist nein gögn um húsið og ekki sé ljóst hvort það hafi verið hannað gagnvart jarðskjálftaálagi þó að það sé á einu mesta upptakasvæði jarðskjálfta á Íslandi. Þá sé ekki vitað hvernig burðarvirki hússins sé járnþent. Þol mannvirkisins gagnvart jarðskjálftaálagi sé því óljóst, en um það megi segja að hús á jarðskjálftasvæðum verði ekki grunduð á mold og sökkulveggjum verði ekki sleppt undir lykilburðarveggjum húsa. Þá segir að hefði húsið verið grundað í samræmi við þágildandi byggingarsamþykktir megi leiða líkur að því að skemmdir hefðu orðið litlar sem engar á húsinu, þrátt fyrir að jarðskjálftaáraunin í maí 2008 hafi verið mun meiri en þágildandi regluverk hafi gert ráð fyrir. Segir í yfirmatsgerð að eðli þeirra

skemmda á húsinu sem séu umfram það sem venjulegt sé, megi að mestu rekja til þess að húsið standi á óburðarhæfum jarðvegi. Þá kemur fram að fráveitulagnir undir botnplötu hafi sigið og skemmst að því marki að þær geti ekki veitt skolpi og öðrum úrgangi í rotþró og því hafi jarðvegur sigið enn meira undir votrymum hússins þar sem mold sé orðin gegnsósa af vatni og öðru sem veitt sé í sökkul hússins. Þrátt fyrir að fráveitukerfi sé ónothæft og hafi mögulega skemmst að einhverju marki meira við jarðskjálfta sé niðurstaða yfirmatsmanna sú að þær endurbætur sem ráðast þurfi í séu ekki umfangsmeiri en hefði verið ef jarðskjálftinn hefði ekki orðið.

Meginniðurstöður yfirmatsgerðarinnar eru þannig að skemmdir á húsi stefnenda megi fyrst og fremst rekja til ófullnægjandi grundunar hússins, en að jarðskjálftinn í maí 2008 hafi ekki valdið skemmdum sem ekki verði fyrst og fremst raktar til ófullnægjandi grundunar og byggingarlags hússins. Töluleg niðurstaða yfirmatsmanna er sú að stefnendur hafi fengið ofgreiddar tjónabætur sem nemi 721.678 krónum.

Gunnar Fannberg Gunnarsson dómkvaddur yfirmatsmaður gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið staðfesti yfirmatsgerðina og efni hennar. Vitnið lýsti því hvernig yfirmatsvinna fór fram, meðal annars með kjarnaborun og greftri meðfram sökklum. Húsið hafi orðið fyrir hlutatjóni en ekki altjóni. Varðandi grundun hússins lýsti vitnið því að húsið hafi verið byggt á mold og grundun hafi ekki verið í lagi. Þá lýsti vitnið því aðspurður að yfirmatsbeiðendum og yfirmatsþolum hafi verið gefinn kostur á að koma öllum sínum athugasemdum og sjónarmiðum að við vinnu yfirmatsmanna. Staðfesti vitnið að niðurstaða yfirmatsgerðar sé einróma niðurstaða yfirmatsmanna. Aðspurður kvaðst vitnið minna að meginniðurstöður yfirmatsgerðar hafi verið í samræmi við niðurstöður undirmatsgerðar. Vitnið lýsti því að ekki hafi verið unnt að staðreyna hvenær frárennislagnir undir húsinu hafi gefið sig, en ljóst sé að þegar vatn rennur út um brotna frárennislögn þá valdi það frekara raski og sigi á moldarjarðvegi en ef t.d. hefði verið um að ræða mül eða annan viðeigandi jarðveg.

Málatilbúnaður stefnenda hvílir á því að matsgerð og yfirmatsgerð séu efnislega rangar. Um þetta hafa stefnendur vísað til ýmissa röksemda, meðal annars til samanburðar við frárennislagnir í Hveragerði og annars rökstuðnings, svo sem að steipt frárennislisrör geti ekki brotnað við hægfara sig heldur hljóti það að gerast við snarpt álag eða snörp högg líkt og við jarðskjálfta. Þá hafi matsmenn og yfirmatsmenn ekki framkvæmt nægilegar rannsóknir og ekki verið spurðir réttu spurninganna. Um þetta er það að segja að stefnendur tóku fullan þátt í matsferli bæði vegna undirmats og

yfirmats og var þeim þá í lófa lagið að koma sjónarmiðum sínum að. Enn fremur hefði stefnendum á fyrri stigum verið opin sú leið að leggja fram nýja matsbeiðni eða að koma að nýjum matsspurningum. Um þetta er jafnframt óhjákvæmilegt að horfa til þess að það voru stefnendur sjálfir sem öfluðu yfirmatsgerðarinnar.

Í 4. gr. laga nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands segir að stefndi skuli váttryggja gegn beinu tjóni af völdum tiltekinna náttúruhamfara, þ.m.t. jarðskjálfta. Er ljóst að tjónið þarf að vera bein afleiðing af náttúruhamförum, í þessu tilviki jarðskjálfta. Byggja stefnendur mál sitt á þessu.

Um það hvort þessu skilyrði sé fullnægt, þ.e. að ætlað tjón sé af völdum jarðskjálfta liggur beint við að horfa til fyrirliggjandi matsgerða, þ.e. matsgerðar dómkvaddra matsmanna og yfirmatsgerðar dómkvaddra yfirmatsmanna.

Bæði undir- og yfirmatsgerðir í málinu voru unnar af hlutlausum og hæfum dómkvöddum matsmönnum með viðeigandi sérfræðipækkingu á sviði verkfræði, jarðskjálftafræði og jarðtækni.

Matsgerðirnar byggja á ítarlegri athugun á byggingunni og greiningu gagna, þar á meðal vettvangsskoðun, hæðarmælingum og jarðvegsrannsóknnum. Ekki verður séð annað en að rannsóknir á íbúðarhúsinu hafi verið unnar með faglega viðunandi hætti og í mátulegu umfangi eða eins og eðlilegt er að gera væntingar til. Engin gögn hafa komið fram sem benda til þess að matsmenn hafi farið út fyrir verksvið sitt eða verið hlutdrægir.

Niðurstöður undir- og yfirmatsmanna eru samhljóða að meginefni, þ.e. að orsök missigs hússins er fyrst og fremst rakin til ófullnægjandi grundunar, en ekki til beins tjóns af völdum jarðskjálfta. Að mati dómsins hafa engin rök komið fram sem hrekja þetta mat og hefur ekki verið sýnt fram á að matsgerðir séu haldnar annmörkum sem gefa ástæðu til þess að véfengja ályktanir og niðurstöður matsmanna og yfirmatsmanna.

Ekki þarf að fjölyrða um að matsgerðir og yfirmatsgerðir eru veigamikil sönnunargögn í dómsmálum og horfir dómurinn til þess að dómkvaddir matsmenn og yfirmatsmenn njóta almennt lögbundins trausts samkvæmt íslenskum réttarfarsreglum og niðurstöðum þeirra hefur ekki verið hnekkt í málinu. Greinargerðir unnar af nánnum aðstandendum stefnenda, án aðkomu stefnda og án aðkomu dómsins, geta ekki haggð sönnunargildi matsgerða og yfirmatsgerða dómkvaddra manna.

Þó stefnendur hafi sett fram ýmsar athugasemdir við einstaka atriði í matsgerðum hafa þær ekki verið studdar með haldbærum rökum eða gagnaöflun sem sýnir fram á rangfærslur, vanrækslu eða galla í vinnubrögðum matsmanna.

Að mati dómsins hefur stefnendum því ekki tekist að færa neinar sönnur, eða líkur, að þeirri staðhæfingu sinni að í umræddum jarðskjálfta árið 2008 hafi orðið meira tjón, sem rekja megi beint til jarðskjálftans sjálfs, en það sem þegar hefur verið bætt af hálfu stefnda og forvera hans. Þvert á móti liggur fyrir að samkvæmt yfirmatsgerð hafa stefnendur fengið ofgreiddar bætur. Er með öllu hafnað hugleiðingum í stefnu um að vafa í þessu efni beri að skýra stefnendum í hag, enda meginregla alls bóta- og vátryggingaréttar, sú að tjónþola ber að sanna tjón sitt og þær staðhæfingar sínar sem hann byggir á um bótaskyldu annars aðila.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu. Af þessu leiðir að óþarft er að taka afstöðu til málsástæðna stefnda sem lúta að 2. mgr. 16. gr. laga nr. 55/1992 og að fyrningu.

Að fenginni þessari niðurstöðu er rétt að stefnendur greiði stefnda málskostnað in solidum og er hann hæfilega ákveðinn 3.000.000 krónur að virtu umfangi málsins.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan ásamt Einari Karli Hallvarðssyni héraðsdómara og sérfróðum meðdómanda, Kristbirni Búasyni byggingarverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Náttúruhamfaratrygging Íslands, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnenda, Guðjóns Þóris Sigfússonar, Jóns Þórðarsonar og Sigfúsar Kristinssonar.

Stefnendur greiði stefnda in solidum 3.000.000 krónur í málskostnað.

Sigurður G. Gíslason
Einar Karl Hallvarðsson
Kristbjörn Búason